

**FUNDARGERÐ**

EB 51-01-00/útg. 1

verkheiti: **SKARÐSHLÍÐARSKÓLI**

tilvísun: 17103

fundur: Stöðufundur nr. 6

dags.: 21.11.2017

EB 51-01-00/útg. 1

Staður og tími: Norðurhelli 2, þriðjudaginn 21. nóvember 2017, kl. 8.30

Fundarmenn: Gunnar Örn Steingrímsson GÖS Eykt  
Þorgeir Margeirsson ÞM Eykt  
Ingibjörg Magnúsdóttir IM Skólastjóri  
Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir JDG Þróunarfulltrúi  
Sigurður Haraldsson SH Hafnarfjarðarbær  
Stefán B. Veturliðason SBV VSB

liður **efni**

ábyrgð

**0 Síðasta fundargerð**

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerð síðasta fundar.


**2.3 Hönnun, teikningar og önnur gögn**

Eftirfarandi atriði er snúa að hönnun voru rædd og eftirfarandi bókað:

Fundur notenda með arkitekt; Ingibjörg skólastjóri, Rannveig aðstoðarskólastjóri og Jenný Dagbjört þróunarfulltrúi hafa fundað með Ívon arkitekt og Gunnari Erni verkefnastjóra verktaka. Farið var yfir ýmis atriði sem verið er að skoða. Farið verður í skoðunarferð í Norðlingaskóla, Dalsskóla, Sæmundarskóla og Garðaskóla. Arkitektinn fer með í Dalsskóla. Tekinn verður saman niðurstaða úr þessum skoðunarferðum og sendar til verktaka. IM

Eldhús: Verktaki hefur móttakið tölvupóst verkkaupa um tæki í eldhús. Ákveðið að færa hurð úr eldhúsi fram á gang. Arkitekt mun ljúka við gerð tillögu, fá hana samþykktá hjá heilbrigðiseftirlit og síðan senda til verkkaupa. ISC

Handlaugar í leikskóla: Á salerni, merkt 3 á mynd skal miða við 3 blöndunar-tæki en vaskur hafður jafn langur og á mynd. Á deild 2 skal miða við 2 blönd-unartæki við vask, eina handlaug og drykkjarfont, sjá mynd. IM/SH



- Niðurfallsbrunnar í gólfi; Í tölvupósti frá verkkaupa til verktaka dags. 15. Nóvember s.l. kemur fram; „*það þarf að vera ein svona miðstöð með góðu gólfniðurfalli – skoða þarf hvort gerð er krafa um fleiri ræstimiðstöðvar í skólanum*“.
- Deiliskipulag lóðar; Ráðgjafar verktaka eru að vinna tillögu að breytingu á aðkomu lóðar.
- 3.8 **Efnissamþykktir**  
Verktaki mun setja upp sérstaka möppu á dropbox fyrir gögn efnissamþykktar.  
Verktaki hefur sent inn nokkuð af upplýsingum um efni til samþykktar hjá verkkaupa.
- 6.1 **Stöðufundir**  
Fundir eru haldnir annan hvern þriðjudag á Norðurhelli kl. 8.30. Á fundina mæta fulltrúar verktaka og ráðgjafa auk fulltrúa verkkaupa. Ráðgjafar mæta að jafnaði á annan hvern fund. Skólastjóri mun sitja fundina.
- Verkkaupi mun funda með notendum fimmtudaginn 30. nóvember nk., kl. 11.00 á Norðurhelli. Farið verður yfir hönnun eins og hún stendur og verður verktaka sendar athugasemdir eða þá afgreiðsla vissra áfanga.
- 6.6 **Verkframkvæmd, verkstaða**  
Bygging C; Lokið við að steypa botnplötu og unnið að mótasmíði veggja. Væntanlega steyppt á föstudag.  
Bygging A og B; Lokið við að steypa um 75% undirstaða. Unnið við fyllingar undir íþróttavelli.
- 6.7 **Verkátun, framvinda verks**  
Ekki rætt.
- 8.1 **Önnur mál**
- 8.2 **Næsti fundur**  
Næsti stöðufundur verður á Norðurhelli, þriðjudaginn 5. desember nk., kl. 8.30.

Fundarritari: SBV  
Dreifing fundargerðar; Fundarmenn